

Vaka hf.
Héðinsgötu 2
105 Reykjavík

Mosfellsbær, 7.febrúar 2020

Kæri lóðarhafi landspildu nr. 123708 á Leirvogstungumelum.

Mosfellsbæ barst þann 4. febrúar 2020 kvartanir um uppsöfnun bílhræja á lóð fyrir tækisins á Leirvogstungumelum.

Fulltrúar frá umhverfissviði Mosfellsbæjar og heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis fóru í kjölfarið, þann 5. febrúar 2020 í eftirlit á svæðið til að skoða aðstæður.

Við eftirlitið kom í ljós að talsverð uppsöfnun á bifreiðum í niðurníðslu, gámum og öðrum lausamunum hefur átt sér stað á lóðinni.

Skv. upplýsingum umhverfissviðs er ekkert starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti til staðar fyrir geymslu bifreiða í niðurníðslu eða öðrum lausamunum á svæðinu.

Bæjaryfirvöld veittu í desember 2009 Ístaki hf. tímabundið leyfi til þess að svæðið yrði notað sem geymslusvæði til 5 ára með skilyrðum. Það leyfi féll úr gildi í lok árs 2014, auk þess sem ekki var staðið við þau skilyrði sem sett voru fyrir leyfinu. Því er ekkert samkomulag til staðar við Mosfellsbæ sem heimilar geymslu bifreiða í niðurníðslu eða annarra lausamuna á svæðinu. Geymsla bifreiða, gáma og annarra lausamuna virðist því vera í óleyfi á svæðinu.

Mosfellsbær gerir athugasemdir við uppsöfnun á bifreiðum í niðurníðslu, gámum og öðrum lausamunum á lóðinni og við slæma umgengni sem hennir fylgir. Óskað er eftir úrbótum fyrir 17.febrúar 2020.

Með vísan til 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 er lóðarhafa hér með veittur 10 daga frestur til að gera athugasemdir við framangreinda afstöðu Mosfellsbæjar og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum. Athugasemdir skulu berast umhverfissviði Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ eða á netfangið mos@mos.is.

Berist engar athugasemdir eða verði þær ekki taldar breyta framangreindri afstöðu Mosfellsbæjar mun Mosfellsbær fara fram á að umrætt efni verði fjarlæggt af umræddri lóð.

Ef frekari upplýsinga er þörf er hægt að hafa samband við umhverfissvið Mosfellsbæjar í síma 525 6700 eða í mos@mos.is

Virðingarfyllst,



Tómas G. Gíslason
umhverfisstjóri